

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa, Skagabyggðar.

1.gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Skagabyggðar. Reglurnar ná til sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Skagabyggðar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar fylgja lögum, reglum og samþykktum Skagabyggðar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber fyrst og fremst að starfa í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga, eða einstakra hópa. Þeim ber að hafa í heiðri trústu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Skagabyggðar.

3. gr.

Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Skagabyggðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Skagabyggðar virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Skagabyggð lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Ábyrgð á fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

**7. gr.
Trúnaður.**

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og ber að gæta trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Skagabyggðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

**8. gr.
Að virða hlutverk starfsmanna.**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Skagabyggðar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

**9. gr.
Stöðuveitingar.**

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

**10. gr.
Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings.**

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf krefur. Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almennungi og fjölmiðlum á heimasíðu Skagabyggðar og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður, til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.